

Ragnar Jónsson
Dalshöfða
880 Kirkjubæjarklaustur

2008020098
8509; 9310

Reykjavík, 29. maí 2008

Efni: Allt að 15 MW virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu, Skaftárhreppi. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Mannvits-verkfræðistofu að matsáætlun um allt að 15 MW virkjunar í Hverfisfljóti við Hnútu í Skaftárhreppi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Mannvits-verkfræðistofu dags. 11. apríl 2008 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Mannvit verkfræðistofa. Allt að 15 MW virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu, Skaftárhreppi. Apríl 2008.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Skaftárhreppi, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, iðnaðarráðuneyti, Orkustofnun og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Skaftárhreppi með bréfi dags. 18. maí 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 29. apríl 2008, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 18. apríl 2008, iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 23. apríl 2008, Orkustofnun með bréfi dags. 22. apríl 2008, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 8. maí 2008, Íslenskum Fjallaleiðsögumönnum með tölvupósti dags. 28. apríl 2008, Náttúruverndarsamtökum Íslands með tölvupósti dags. 28. apríl 2008 og Bergþóru Sigurðardóttur með tölvupósti dags. 28. apríl 2008. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 23. maí 2008.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Mannvits-verkfræðistofu að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og

athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi Mannvits-verkfræðistofu dags. 23. maí 2008 og með eftirfarandi athugasemdum.

Ásýnd, frágangur og sjónræn áhrif. Á bls. 14 í tillögu að matsáætlun er fjallað um frágang í verklok. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir áætlaðri stærð raskaðs svæðis við yfirfallskant, aðrennslisskurð, inntak, þrýstipípu, stöðvarhús, frárennslisskurð og vegslóð að virkjunarsvæði. Jafnframt komi fram hvaða aðferðum framkvæmdaraðili hyggst beita til að lágmarka neikvæð áhrif á hverjum stað og hvernig gera megi ráð fyrir að umhorfs verði á svæðinu eftir að framkvæmdum er lokið og svæðið er komið í endanlegt horf. Skipulagsstofnun telur jafnframt brýnt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir hvaða mannvirki verði mest áberandi og tilgreini þá staði sem ætla má að séu viðkvæmastir m.t.t. sjónrænna áhrifa.

Efnistaka. Á bls. 14 í tillögu að matsáætlun er fjallað um efnistöku og jarðvinnu. Í kaflanum kemur fram að steypuefni verði flutt úr opnum steypuefnisnámum á svæðinu en ekki verði opnaðar nýjar námur vegna framkvæmdanna. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu beri að gera grein fyrir þeim námum sem til greina koma til efnistöku, hvort heldur er til vegagerðar, lagnasands eða steypuefnis.

Útskolun aurs og sandfok. Í tillögu að matsskýrslu kemur fram að rennsli Hverfisfljóts sé afar breytilegt. Þar sem virkjunin verði rennslisvirkjun sem ekki verði með miðlunarlón þá virðist mega gera ráð fyrir því að vatnsstaða ofan yfirfallskants og við inntak kunni að vera breytilegt. Í ljósi þessa telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir því hvar megi búast við setsöfnun og hvort og þá við hvaða aðstæður megi búast við sandfoki og hver verði líkleg áhrif þess á umhverfið. Skipulagsstofnun telur jafnframt nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir stærð lóns ofan við inntaksmannvirki og hvort og þá hversu mikið Hverfisfljót muni breiða úr sér ofan yfirfallskantsins.

Áhrif virkunar á ferðaþjónustu. Skipulagsstofnun telur jákvætt að fyrirhugað sé að afla gagna hjá ferðaþjónustuaðilum um það í hve miklum mæli svæðið er nýtt til ferðamennsku. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í matsskýrslu verði lagt mat á áhrif fyrirhugaðrar virkunar á þá ferðamennsku sem stunduð er á svæðinu og gerð verði grein fyrir mögulegum mótvægisáðgerðum.

Áhrif á gróður. Á bls. 21 í tillögu að matsáætlun er fjallað um gróður og dýralíf. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir því hversu stór gróðurlendi verði fyrir beinni skerðingu vegna framkvæmdanna og að jafnframt verði gerð grein fyrir óbeinum áhrifum framkvæmdanna á gróður t.d. þurrkunar vegna breytts vatnsbúskapar og áhrifa hugsanlegs sandfoks.

Tengdar framkvæmdir. Skipulagsstofnun telur brýnt að í frummatsskýrslu komi fram að hvaða leyti framkvæmdir við fyrirhugaða virkjun eru háðar öðrum framkvæmdum s.s. vegna vegagerðar og tengingar við flutningskerfi raforkunnar.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna

Afrit: Skaftárhreppur, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, iðnaðarráðuneyti, Orkustofnun, Umhverfisstofnun, Bergþóra Sigurðardóttir, Íslenskir Fjallaleiðsögumenn, Náttúruverndarsamtök Íslands og Mannvit-verkfræðistofa.